

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/893
komudagur 4.1.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 4. janúar 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum - 22. mál

Samtök iðnaðarins fagna því að mótaðar verði reglur um skil á matvörum úr verslunum til birgja. Fyrir liggur að mikil rýrnun á sér stað í virðisbættu ferskra matvæla. Árleg velta í kjötiðnaði á Íslandi er áætluð 20-25 milljarðar króna. Talið er að þar af tapist a.m.k. 5%, eða 1000-1250 milljónir, vegna rýrnunar. Samtök iðnaðarins stóðu nýlega fyrir verkefni í samstarfi við fulltrúa smásöluverslunar og kjötiðnaðarfyrirtækja þar sem leitast var við að greina orsakir þessarar miklu rýrnunar. Fjöldmörg atriði eru talin hafa áhrif á rýrnun í virðisbættu kældra kjötvara, þar á meðal eru slök birgðastjórnun og yfirsýn yfir birgðir, ófullnægjandi vörumeðhöndlun, ónóg þekking starfsmann og vöruskil. Mikill óþarfa kostnaður felst í því að skila vörum sem seljast ekki áður en geymsluþol þeirra rennur út. Auk tjóns, sem hlýst af því að henda útrunnum vörum, er mikil og kostnaðarsöm umsýsla og óþarfir fiutningar fólgnir í vöruskilum. Hægt er að spara stórar fjárhæðir ef tekst að draga úr kostnaði vegna vöruskila.

Framleiðendur telja að sá möguleiki að skila vöru, þegar líftími er að renna út, dragi úr hvatningu verslunarinnar til að grípa til söluhvetjandi aðgerða þegar líður að lokum geymsluþols þar sem hún ber ekki kostnaðinn af rýrnuninni.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að haft verði samráð bæði við framleiðendur og smásöluverslun þegar hafist verður handa við mótun reglna um vöruskil til að um þær verði full sátt allra hagsmunaaðila.

Virðingarfyllt,
SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ragnheiður Héðinsdóttir

Ragnheiður Héðinsdóttir,
Forstöðumaður matvælasviðs